

Ytra mat grunnskóla

Setbergsskóli

Febrúar 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjarðarbæ.

Höfundar: Svanhildur María Ólafsdóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir

© Menntamálastofnun, 2021.

ISBN 978-9979-0-2613-6

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	4
Þáttur 2 – Nám og kennsla	5
Þáttur 3 – Innra mat	6
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Setbergsskóla	8
Niðurstöður	10
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirgni í stefnumótun	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða	10
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	11
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	12
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	12
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	13
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	13
Þáttur 2 – Nám og kennsla	15
2.1 Inntak og námskrá	15
2.2. Árangur náms.....	15
2.3 Gæði kennslu	19
2.4 Skipulag náms.....	20
2.5 Námsvitund	22
2.6 Ábyrgð og þátttaka	22
Þáttur 3 – Innra mat	24
3.1 Skipulag.....	24
3.2 Framkvæmd.....	24
3.3 Umbætur	25

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Setbergsskóla í Hafnarfirði sem fór fram í febrúar 2021. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla* og *innra mat*. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum stjórnvalda.
- Skólanámskrá og starfsáætlun eru opinberar og uppfylla viðmið aðalnámskrár.
- Starfsmannahandbók er gefin út, birt á innri vef skólans og er til fyrirmyndar.
- Í daglegu tali og fréttáflutningi frá skóla leggja stjórnendur áherslur á það jákvæða í skólastarfinu.
- Skólaþing er vettvangur samráðs þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins taka þátt.
- Stjórnendur skólans hvetja kennara til að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur.
- Faglegir samstarfsfundir eru reglulega þar sem árangur og niðurstöður ytra gæðamats varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra eru nýttar til að efla skólastarfið.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Stjórnendur leggja sig fram um að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg.
- Skólaráð starfar samkvæmt reglugerð þar um.
- Markviss samskipti eru við önnur skólastig og grenndarsamfélag.
- Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og hluti af daglegu starfi stjórnenda.
- Daglegt starf er vel skipulagt og starfsfólk er sáttt við skipulagið.
- Hlutverk og verkaskipting stjórnenda, kennara og starfsfólks er skráð og öllum ljós.
- Nýir kennarar og starfsnámsnemendur fá sérstakan stuðning og tengilið.
- Þróunarteymi skólans eru virk, funda reglulega og skrá framgang verkefna.
- Starfsfólk nýtur trausts og fær tækifæri til að bera ábyrgð á ýmsum verkefnum.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða enn frekar til að virkja foreldra til þátttöku og skapa meira traust á milli foreldra og skóla.
- Tryggja að upplýsingar um skólanámskrá, starfsáætlun, sérfræðiþjónustu, sýn og stefnu skólans skili sér í kynningum til foreldra.
- Sjá til þess að nemendafélagið setji sér starfsreglur um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.
- Fylgja því eftir að skólaráðið haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um.
- Huga að markvissum möguleikum á handleiðslu fyrir starfsmenn.

- Setja fram sýnilega heilsustefnu fyrir starfsfólk skólans og framfylgja henni.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Styrkleikar

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Einkunnarorð skólans eru vel sýnileg í skólanum og eru skólasamfélaginu töm.
- Árganganámskrár eru greinargóðar og byggja á aðalnámskrá.
- Grunnþáttum menntunar og lykilhæfni eru gerð skil í árganganámskrám.
- Stefna skólans um nám og kennsluhætti var sýnileg í vettvangsathugunum.
- Kennarar sýna kennslufræðilega hæfni. Námsmat er fjölbreytt og tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Nám og námsaðstæður styðja við sköpunarþörf og samvinnu nemenda.
- Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda.
- Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru almennt virkir í kennslustundum.
- Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.
- Rökstuddar einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur í samvinnu við foreldra.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í námi nemenda.
- Nemendur nýttu upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni í um 40% kennslustunda á vettvangi.
- Sjónarmiðum nemenda hvað varðar námsumhverfi og líðan er aflað á margvíslegan hátt.

Tækifæri til umbóta

- Fylgja enn frekar eftir stefnu skólans um fjölbreytta kennsluhætti og veita nemendum tækifæri til að velja sér námsaðferðir.
- Gefa þarf nemendum í auknum mæli val um námsstíl og viðfangsefni og auka aðkomu þeirra að skipulagi náms- og skólastarfs.
- Huga að verkefnum fyrir nemendur sem sérstaklega beinast að áhugasviði þeirra og hæfileikum.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum og framgangi kennslustunda.
- Fylgja eftir stefnu skólans um leiðsagnarmat.
- Þjálfarar nemendur í að setja sér námsmarkmið og fylgja þeim eftir.
- Skrá nánar í árganganámskrár og kennsluáætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein.
- Rýna og finna leiðir til kom í veg fyrir einelti meðal nemenda.
- Virkja foreldra til samstarfs um líðan og samskipti nemenda.
- Rýna og finna leiðir til að auka námsárangur nemenda á samræmdum könnunarprófum.
- Þjálfarar nemendur í að taka þátt í nefndarstörfum og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Þáttur 3 – Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat er álitíð mikilvægt og er sjálfsagður hluti af skólastarfinu.
- Víðtækt formlegt og óformlegt mat er til staðar og samofið skólastarfinu.
- Skólastjórnendur meta nám og kennslu reglulega og veita endurgjöf.
- Innra matið byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun.
- Skólaráð er matsteymi skólans og kemur að umræðu um innra mat og umbætur.
- Matsáætlun um innra mat er til staðar á heimasíðu þar sem fram koma helstu upplýsingar um framkvæmd innra mats og helstu niðurstöður.
- Tímasett umbótaáætlun er til staðar og birtist innan matsáætlunar skólans.

Tækifæri til umbóta

- Fram komi í skólanámskrá eða matsáætlun hvernig aðferðir og reynsla af innra mati eru metnar.
- Huga að virkari aðkomu fulltrúa nemenda og foreldra að umbótateymi skóla

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahtutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Setbergsskóla.

Setbergsskóli er staðsettur í Setbergshverfi í Hafnarfirði. Skólinn tók til starfa haustið 1989. Leiðarljós skólans skólans eru VIRÐING, VÍÐSÝNI OG VELLÍÐAN. Skólinn er almennur grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk auk þess sem þar er rekin sérdeild fyrir börn á einhverfurófi. Skólinn er staðsettur í þéttbýli og heyrir undir mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarbæjar.

Á vorönn 2021 stunda 429 nemendur nám í Setbergsskóla. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	42	37	39	46	50	46	44	41	40	44
Fjöldi bekkjardeilda	2	2	2	3	2	2	2	2	2	2

Starfsfólk Setbergsskóla í febrúar 2021 eru 60. Stjórnendur eru sjö; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri sem einnig er deildarstjóri unglíngadeildar, deildarstjórar á yngsta og miðstigi, stoðþjónusta, sérdeildarinnar Bergs, tölvu- og upplýsingatækni og tómstundastarfs sem ekki tilheyrir skólahlutanum en starfar náið með öðrum stjórnendum. Einn verkefnistjóri starfar við skólann, einn upplýsinga- og bóksafnsfræðingur og skrifstofustjóri. Við skólann starfa einnig námsráðgjafi, iðjuþjálfari, þrír þroskaþjálfarar og sálfræðingur sem er starfsmaður mennta- og lýðheilsusviðs.

Kennarar eru 40, þar af starfa fjórir kennarar sem sérkennarar. Af kennurum eru 12 leiðbeinendur sem stunda nám við Menntavísindasvið HÍ meðfram kennslu og meirihluti þeirra eru starfsnámsnemendur eða fá leiðsögn innan skólans. 30 kennarar og leiðbeinendur eru í 100% starfi, sjö kennarar og leiðbeinendur í 80% starfi, tveir í 50% starfi og einn í 49% starfi.

Við skólann er starfandi frístund fyrir nemendur í 1.-4. bekk sem skólastjóri ber ábyrgð á en er undir daglegri stjórn deildarstjóra tómstundastarfs.

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru á yngsta stigi níu, á miðstigi átta og á unglíngstigi fjórir. Nemendur með skilgreinda sérkennslu eru tuttugu og tveir á yngsta stigi, á miðstigi eru þeir tuttugu og einn og sautján á unglíngastigi. Nemendur með einstaklingsnámskrá eru fimm á yngsta stigi, ellefu á miðstigi og fimmtán á unglíngastigi. Fjöldi nemenda af erlendum uppruna er 21. Sjö nemendur stunda nám á öðru skólastigi.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu 2020-21 eftir bekkjum (ekki v. Covid 19)

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0	0	0	0	22	23	33

Upplýsingar vegna Covid-19

Skóla var lokað í einn dag vegna endurskipulags skólastarfs vegna Covid-19.

Dagleg kennsla var skert vegna Covid-19 í 32 daga á tímabilinu 3. nóvember til 18. desember 2020 í 5.-10. bekk. Nemendum var kennt í 4.-6. kennslustundir á dag á þessu tímabili. Aukin vinna var lögð á nemendur heima og voru kennarar til taks utan kennslustunda í gegnum rafræn samskipti. Lögð var

áhersla á grunngreinar á þessu tímabili en list- og verkgreinar ekki kenndar. List- og verkgreinakennarar tengdust nemendahópum og því fleiri kennarar með hvern hóp. Útíþróttir voru kenndar á þessu tímabili, ein kennslustund á hvern bekk í 5.-7. bekk. Kennsla í list- og verkgreinum og íþróttum hófst á ný 4. desember tvisvar í viku á miðstigi og einu sinni í viku í unglingsdeild.

Fjarkennsla var ekki veitt en kennarar veittu stuðning við aukið heimanám í 35 daga vegna Covid-19 fyrir 5.-10. bekk. Nemendur á yngsta stigi fengu fulla kennslu samkvæmt stundaskrá sem og nemendur Bergs. Nokkur börn voru í sjúkrakennslu á þessu tímabili og var þeim kennt í gegnum fjarfundarbúnað.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna- stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga- hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	--	---

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá og skólanámskrá Setbergsskóla, ásamt því tekur skólastarfið og stefnumótun mið af skólustefnu Hafnarfjarðar sem samþykkt var árið 2009. Sú stefna er í endurskoðun og eiga stjórnendur aðkomu að þeirri vinnu.

Stefna Setbergsskóla var tekin til endurskoðunar með öllum hagsmunaaðilum fyrir tveimur árum á skólaþingi og efi mótuð til fimm ára. Ný leiðarljós fyrir skólastarfið voru endurskoðuð og mótuð á þinginu, þau eru virðing - víðsýni – vellíðan og eru vel sýnileg í skólanum.

Námskrá skólans er opinber, birt á heimasíðu, uppfyllir viðmið aðalnámskrár og er uppfærð reglulega, það sama á við um starfsáætlun skólans. Starfsmannahandbók er gefin út og birt á innri vef skólans og er til fyrirmyndar. Þar eru m.a. upplýsingar um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins, verkefnalýsingar allra starfsmanna, verkaskipting innan skólans, leiðbeinandi viðmið um kennslustundir og bekkjarstarf, teymi og fleira mikilvægt er tengist skólastarfinu. Kennsluáætlanir eru til staðar fyrir alla nemendur og þær eru aðgengilegar foreldrum og nemendum á Mentor.

Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu og samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun. Skólaþing er meðal annars vettvangur samráðs þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins taka þátt. Í rýnihópum kom fram mikil ánægja með skólaþingið og að mati viðmælenda skapar það tækifæri til samtals, samvinnu og upplýsinga um skólastarfið. Í daglegu tali og fréttaflytningi frá skóla leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu. Í öllum rýnihópum voru þátttakendur sammála um að svo sé.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skólans hafa miklar væntingar til náms nemenda og hvetja kennara til að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur. Þeir skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun kennara og starfsfólks innan og utan skólans. Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal kennara og starfsfólks með það að leiðarljósi að efla skólastarfið.

Símenntunnar-, mats- og þróunaráætlun er á heimasíðu undir starfsáætlun skólans og byggir hún á starfsþróun sem skólinn leggur áherslu á hverju sinni ásamt þeim þáttum sem starfsmenn telja sjálfir æskilega eða nauðsynlega fyrir starf sitt. Tilgreindar eru í áætluninni helstu áherslur og þau námskeið sem kennarar og starfsfólk sækja yfir skólaárið og nær áætlunin til allra.

Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og niðurstöður ytra gæðamats varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra eru nýttar til að efla skólastarfið. Fundarskipulag er skilmerkilegt og birt fyrir hverja önn og er öllu starfsfólki ljós.

Starfsfólk og kennarar finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og þeir telja að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarfið í skólanum.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur leggja sig fram um að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Það er meðal annars gert með vikulegum fréttabréfum umsjónarkennara til foreldra. ¹Setbergsannáll er fréttabréf frá stjórnendum, hann er gefinn út fimm til sex sinnum á ári, sendur heim til aðstandenda allra nemenda, birtur á heimasíðu skólans og á workplace síðu Hafnarfjarðarbæjar. Annállinn inniheldur frásagnir af viðburðum og ýmsum verkefnum, ásamt fréttum af námi og starfi nemenda.

Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum. Stjórnendur hlusta eftir röddum skólasamfélagsins og leitast við að auka áhrif þess á stefnumótun og ákvarðanatöku, meðal annars með því að halda skólaþing og funda reglulega með skólaráði ásamt því að vera í góðu samstarfi við foreldrafélag skólans. Aðstoðarskólastjóri og kennari eru tengiliðir við stjórn foreldrafélags og funda reglulega.

Matsaðilar Menntamálastofnunar lögðu rafræna könnun fyrir foreldra í tengslum við ytra matið og svöruðu foreldrar 199 barna af 429 könnuninni sem eru um 46% þátttaka og ber að hafa það í huga við túlkun niðurstaðna. Fram kom að 45% svarenda telja að þeim hafi markvisst verið kynnt sýn og stefna skólans en 55% eru því ósammála eða svara hvorki né.

Rúmlega 16% svarenda segjast hafa tekið þátt í að móta stefnu og sýn skólans og 31% svarenda segja að leitað hafi verið sjónarmiða þeirra um starf skólans með könnunum eða þeir tekið þátt í rýnihópastarfi. Tæplega 47% svarenda telja að ábendingum þeirra sé vel tekið en tæplega 45% svara hvorki né.

Rúmlega 80% svarenda eru mjög eða frekar sammála því að barnið njóti sanngirni og virðingar í skólastarfinu og rúmlega 80% þeirra telja að barnið sé hvatt til þess að leggja sig fram í náminu og fái nægilegar áskoranir. Þriðjungur svarenda telja að barni sínu líði vel í skólanum.

Tæplega 47% svarenda eru mjög sammála eða samála því að skólanum sé vel stjórnað en rúmlega fjórðungur hvorki né. Tæplega 72% þeirra er svöruðu segjast þegar á heildina er litið vera ánægðir með skólann, tæplega 15% eru því ósammála en hvorki ánægðir eða óánægðir eru um 15%.

Í opnum svörum í foreldrakönnun Menntamálastofnunnar um hvernig skólinn geti leitað eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið nefndu svarendur meðal annars kynningafundi með virkri þátttöku foreldra, hugmyndabanka eða ábendingahnapp á heimasíðu, skólaþing og reglulegar kannanir eða vinnufundi með rýnihópum foreldra um ákveðin málefni í hverjum árgangi eða bekk. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að þeir vilja leggja meiri áherslu á bætt samskipti og samvinnu við foreldra með það að markmiði að efla skólastarfið enn frekar.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess hvað varðar ákvarðanir er snúa að skólastarfinu. Skólaráðið hefur sett sér starfsáætlun og fundar reglulega, fundargerðir ráðsins eru skráðar og birtar á heimasíðu skólans. Að sögn skólastjóra gegnir skólaráðið einnig hlutverki

¹ Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra og aðra forsjáraðila.

innrammatsteymis skólans og það er skráð í starfsáætlun þess. Venjan er sú, að sögn skólastjórnenda, að fulltrúar nemenda í skólaráði komi úr stjórn nemendafélags. Ekki er að finna skráðar reglur um val nemenda í skólaráð.

Skólaráðið hefur ekki haldið opna fundi fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um. Hins vegar hafa verið haldnir opnir fundir í formi skólaþings og um tiltekin málefni sem snúa að skólastarfinu. Fulltrúar foreldra í skólaráði flytja skýrslu skólaráðs á aðalfundi foreldrafélags sem haldinn er að hausti. Reglugerðin gerir ráð fyrir að nemendafulltrúar ásamt öðrum fulltrúum sitji hið minnsta í tvö ár og hafa nemendafulltrúar í skólaráði setið til tveggja ára.

Markviss samskipti eru við leikskólastig, framhaldsskólastig, frístundastarf, stofnanir bæjarins og grenndarsamfélag. Upplýsingar um samskipti og samvinnu eru skýrar og skráðar í starfsáætlun skólans.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og er hluti af daglegu starfi stjórnenda, niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna í þær og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins. Má þar meðal annars nefna þróunarverkefni um stýrða kennslu er varðar lestur á yngsta stigi, leiðsagnarmat og vaxandi hugarfar, innleiðing á upplýsingatækni í kennslu, vinaliðaverkefni og SMT skólafærni.

Fram kemur í starfsmannhandbók og í viðtölum við stjórnendur að þeir eiga aðkomu að umbótaverkefnum skólans, meðal annars með því að stýra teyrum og sjá til þess að starfsmenn fái ráðgjöf og stuðning við þróunarvinnu.

Framgangur þróunarvinnu er skráður og er á ábyrgð þróunarteyma sem funda reglulega. Séð er til þess að upplýsingar um verkefni sem unnið er að séu réttar, uppfærðar reglulega og kynntar öðrum kennurum og starfsfólki.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Fram kom í rýnihópi foreldra að þeir væru ekki nægjanlega duglegir við að nýta heimasíðuna, en að þeirra mati hefur skólinn gert átak í að uppfæra hana og bæta inn mikilvægum upplýsingum um skólastarfið.

Í fyrrnefndri foreldrakönnun Menntamálastofnunar kemur fram að tæplega 50% svarenda eru sammála eða mjög sammála því að heimasíðan sé virk og innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar.

Daglegt starf er vel skipulagt og starfsfólk er sátt við skipulagið. Ef ágreiningsmál koma upp eru þau leyst fljótt og vel að mati viðmælenda í rýnihópum kennara og starfsfólks. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Að sögn skólastjóra er starfsmönnum og öllum sem að skólastarfinu koma kynnt lög um persónuvernd og trúnað. Nemendum eru kynnt öryggismál, þar með talið netöryggi.

Í skólanum eru haldin skólaþing og þar hafa nemendur tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði. Nemendafélag er starfandi og stjórn þess fundar vikulega. Niðurstöður af nemendafélagsfundum eru kynntar nemendum á mismunandi vegu, með upplýsingum

á veggspjöldum á veggjum skólans, facebook- og instagramsíðu skólans eða með því að formaður kynni niðurstöður funda í bekkjardeildum. Nemendafélagið hefur ekki sett sér starfsreglur um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa nemenda skólans í skólaráð.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvist að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Þeir skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist sem best. Hlutverk og verkaskipting stjórnenda er skráð og öllum ljós sem kemur meðal annars fram í starfsmannahandbók.

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári og eru skráð. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram ánægja með samtölin, einnig kom fram að stjórnendur nýta samtölin til að veita starfsmönnum endurgjöf á þeirra störf.

Nýtt starfsfólk fær sérstakan stuðning og tengilið innan starfsmannahópsins. Þá má nefna að við skólann starfa tólf leiðbeinendur, flestir þeirra fá faglega leiðsögn og stuðning frá verkefnisstjóra. Í rýnihópi kennara kom fram mikil ánægja með þennan stuðning.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni stjórnenda og annarra í skólanum. Stjórnendur dreifa ábyrgð og gefa starfshópum skýr skilaboð um umboð og ábyrgð. Leitast er við að styrkja leiðtogahæfni starfsfólks skólans og fela fjölbreyttum hópi ábyrgð og umboð til að leiða verkefni. Mannauður innan skólans er vel nýttur. Starfsfólki finnst það njóta trausts og fá tækifæri til að bera ábyrgð á ýmsum verkefnum.

Séð er til þess að upplýsingar um verkefni og verklag sem unnið er að, séu uppfærðar og réttar. Fundargerðir eru ritaðar á fundum þróunarteyma, þær vistaðar á innri vef skólans og starfsfólk er hvatt til að fylgjast með framvindu.

Fram kom í rýnihópi kennara að handleiðsla sé ekki til staðar fyrir þá og þeir kalla eftir umbótum er hana varðar. Stundum koma upp atvik að þeirra mati, sem kalla á handleiðslu.

Í rýnihópi stjórnenda kom fram að stundum þurfi þeir sjálfir að leita eftir aðstoð handleiðara. Aðstoðarskólastjórar í Hafnarfirði hafa verið með handleiðsluhóp.

Starfsmenn eru hvattir til að huga að heilsu sinni. Í skólanum er starfandi hópur starfsfólks sem stuðlar að aukinni hreyfingu með ýmsum hætti en fram kom í rýnihópum starfsfólks og kennara að þátttaka mætti vera betri.

Styrkleikar

- Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum stjórnvalda.
- Skólanámskrá og starfsáætlun eru opinberar og uppfylla viðmið aðalnámskrár.
- Starfsmannahandbók er gefin út, birt á innri vef skólans og er til fyrirmyndar.
- Í daglegu tali og fréttáflutningi frá skóla leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu.
- Skólalæping er vettvangur samráðs þar sem fulltrúar allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins taka þátt.
- Stjórnendur skólans hvetja kennara til að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur.

- Faglegir samstarfsfundir eru reglulega þar sem árangur og niðurstöður ytra gæðamats varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra eru nýttar til að efla skólastarfið.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild.
- Stjórnendur leggja sig fram um að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg.
- Skólaráð starfar samkvæmt reglugerð þar um.
- Markvissamskipti eru við önnur skólastig og grenndarsamfélag.
- Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og hluti af daglegu starfi stjórnenda.
- Daglegt starf er vel skipulagt og starfsfólk er sátt við skipulagið.
- Hlutverk og verkaskipting stjórnenda, kennara og starfsfólks er skráð og öllum ljós.
- Nýir kennarar og starfsnámsnemendur fá sérstakan stuðning og tengilið.
- Þróunarteymi skólans eru virk, funda reglulega og skrá framgang verkefna.
- Starfsfólk nýtur trausts og fær tækifæri til að bera ábyrgð á ýmsum verkefnum.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða enn frekar til að virkja foreldra til þátttöku og skapa meira traust á milli foreldra og skóla.
- Tryggja að upplýsingar um skólanámskrá, starfsáætlun, sérfræðipjónustu, sýn og stefnu skólans skili sér í kynningum til foreldra.
- Sjá til þess að nemendafélagið setji sér starfsreglur um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.
- Fylgja því eftir að skólaráðið haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um.
- Huga að markvissum möguleikum á handleiðslu fyrir starfsmenn.
- Setja fram sýnilega heilsustefnu fyrir starfsfólk skólans og framfylgja henni.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólanámskrá er ítarleg og endurspeglar áherslur stjórnvalda með tilgreindum leiðum til að mæta þeim. Skólanámskráin skiptist í þrennt, í fyrsta hluta kemur fram saga skólans og menntastefna, öðrum hluta er skipt niður á tíu árganga þar sem fram koma grunnþættir menntunar, lykilhæfni, hæfniviðmið, námsvið, námsgreinar, leiðir og námsmat. Þriðji hlutinn fjallar um kynningu og viðmið grunnskólustarfs í Hafnarfirði.

Hver árgangur hefur sína námskrá þar sem fjallað er um kennslu, námsgreinar, áherslur grunnþátta menntunar og stefnu skólans, kennsluáætlanir, kennslugögn, foreldrasamstarf og upplýsingagiöf, námsmat og vitnisburðakerfi árgangsins. Kennarar útfæra síðan kennslu- og heimavinnuáætlanir út frá námskránni til lengri eða styttri tíma í senn og eru þær birtar og aðgengilegar í Mentor. Kennsluáætlanir voru aðgengilegar matsaðilum á vettvangi. Árganganámskrár eru á heimasíðu skólans og kynntar foreldrum að hausti. Fram kom í foreldrakönnuninni að um 57% svarenda telja sig fá kynningu á áætlunum um nám og kennslu, um 41% svara hvorki né eða telja sig ekki fá kynningu.

Í kennsluáætlunum kemur fram að hluta til hvernig unnið er með námsaðlögun eða stuðning við nemendur. Sjá mátti á vettvangi að sérkennsla og stuðningur er fjölbreyttur, tekur til flestra þátta í skólustarfi og fer ýmist fram innan námsumhverfis bekkjarins eða í séraðstæðum. Rökstuddar einstaklingsnámskrár eru gerðar í samvinnu við foreldra fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá námi.

Endurskoðuð stefna skólans um stoðþjónustu og stuðning við nemendur hefur verið gefin út og birt á heimasíðu skólans. Þar er um að ræða ítarlegt skjal þar sem fram koma markmið, leiðir, ábyrgð og framkvæmd stuðnings og sérkennslu fyrir þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda hvað varðar nám og líðan.


2.2. Árangur náms

Markvisst er fylgst með árangri og þörfum nemenda og nemendahópa og brugðist við með það að markmiði að efla árangur og framfarir nemenda. Í skólanámskrá og matsskýrslu hvers skólaárs er gerð grein fyrir viðmiðum sem tengjast lykilhæfni, hæfniviðmiðum og námsmati. Stjórnendur og kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður náms til að efla framfarir og nám nemenda.

Samræmd könnunarpróf


Einn af einkunnakvörðunum við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Einkunnarkvarðinn hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því samanburðarhæfur á milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.

Árangur nemenda í 4. bekk hefur sveiflast milli ára en hefur dalað síðustu ár og er nú við meðaltal í íslensku og stærðfræði.




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Árangur nemenda í 7. bekk hefur verið yfir meðaltali síðustu ár en er nú við meðaltal í íslensku og stærðfræði.




Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Árangur nemenda í ensku og stærðfræði hefur verið yfir meðaltali síðast liðin ár og er nú í kringum meðaltal. Árangur í íslensku hefur sveiflast milli ára og er nú við meðaltal.



Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum.


Þegar árangri árganga er fylgt eftir eflist hann hjá sumum árgöngum en dalar hjá öðrum á milli fyrirlagna. Sjá má að þeir árgangar sem eru enn í skólanum, það er 5.-10. bekkur eða nemendur sem eru fæddir 2006-2011, eru um og yfir meðaltali í íslensku og stærðfræði.



Mynd 4. Árangraþróun á samræmdum könnunarprófum.


Lesferill

Myndir 5 og 6 sýna leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit). Þegar línuritíð er skoðað sést að meðaltal lesinna orða nemenda skólans (bláa línan) er yfir landsmeðaltali í öllum árgöngum. Samkvæmt niðurstöðum úr könnunum Skólapúlsins í janúar 2021 kemur fram að ánægja af lestri nemenda í 6.-10. bekk mælist fyrir ofan meðaltal þeirra skóla sem taka þátt.



Mynd 5. Hlutfall nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum.

Setbergsskóli, sept. 2020



Mynd 6. Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum.

Skólinn notar Skólupúlsinn² til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Niðurstöður Skólupúlsins frá því í janúar 2021 sýna að svör nemenda skólans eru sambærileg og svör annarra nemenda í skólum sem taka þátt í Skólupúlsinum á 13 af þeim 20 þáttum sem skoðaðir eru. Þegar um marktækan mun á svörum miðað við landsmeðaltal er að ræða er sá þáttur auðkenndur með stjörnumerkingu í skýrslum Skólupúlsins.

Þegar skoðuð er virkni nemenda í skólanum kemur fram að þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, trú á eigin vinnubrögðum og námsgetu hefur aukist og er marktækt yfir landsmeðaltali. Þættir sem mæla líðan og heilsu nemenda eru um landsmeðaltal. Þættirnir vellíðan og sjálfsálit nemenda er einnig rétt fyrir ofan landsmeðaltal. Þegar spurt er um einelti þá hefur það staðið í stað og er á þessu skólaári um landsmeðaltal. Tíðni eineltis hefur minnkað um 2,9%, en skólaárið 2019-2020 var það 16,9% en er 14% á þessu skólaári 2020-2021. Þættir sem mæla skóla- og bekkjaranda eru um landsmeðaltal nema sá þáttur er snýr að sambandi nemenda við kennara sem er marktækt undir landsmeðaltali.

Niðurstöður Olweusarkönnunar sem framkvæmd var haustið 2019 sýna að einelti hefur aukist frá fyrri árum, var 6,5% 2018 en er 8% 2019. Fram kemur að fleiri stúlkur segjast verða fyrir einelti en áður, það var 5% 2018 en er 9,8% 2019. Á sama tíma hefur dregið úr einelti meðal drengja, það var 7,8% en er 6,5% 2019. Einelti fer oftast fram á skólalóð, á göngum, í kennslustofu með kennara og í matsal. Stúlkur og drengir segja oftast að það séu strákar úr sama bekk eða árgangi sem leggi í einelti. Fram kemur í viðtölum við stjórnendur að áætlað er að leggja Olweusarkönnun fyrir í febrúar 2021 þar sem ekki náðist að leggja hana fyrir á haustönn 2020 vegna Covid. Fram kom í rýnihópi foreldra og í opnum svörum í foreldrakönnun Menntamálastofnunar ábendingar um eineltismál sem erfiðlega hefur gengið að vinna með í skólanum og var þar kallað eftir auknu upplýsingastreymi og samstarfi við foreldra þegar eineltismál koma upp meðal nemenda. Niðurstöður Skólupúlsins fyrir skólaárið 2020 -2021 benda til þess að skólinn sé nú við landsmeðaltal hvað einelti varðar en ekki er um marktækan mun að ræða milli mælinga á þessu skólaári.

² Skólupúlsinn er vefkerfi sem leggur staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

Fram kemur í matsskýrslu skólans 2020-2021 að SMT teymið ásamt eineltis- og forvarnarteymi vinni með rýnihópum nemenda þar sem markmiðið er að rödd nemenda fái að heyrast og auki þannig á lýðræði í skólanum. Valdir eru tveir nemendur úr hverjum bekk í öllum árgöngum sem hittist í þrjú skipti á hvorri önn. Rýnihópar skiptast í tvennt, 1.-6. bekkir og 7.-10. bekkir. Niðurstöður frá rýnihópunum sýna að það er meiri fræðsla og umræða um samskipti og einelti hjá yngri nemendum en þeim eldri. Bekkjarfundir eru oftast hjá yngri nemendum. Þá eru yngri nemendur ánægðari með reglur skólans, geisla og geislaveislur. Starfsfólk er duglegra að gefa þeim geisla en þeim sem eldri eru. Eldri nemendur eru ánægðir með geisla og geislaveislur en gagnrýna ýmsar skólareglur. Nemendur eru ánægðir með að hafa áætlun gegn einelti, en þeir vilja meiri fræðslu og kalla eftir bekkjarfundum til að ræða m.a. bekkjaranda og samskipti.


Í áðurnefndri foreldrakönnun Menntamálastofnunar kemur fram að um 70-80% svarenda eru mjög eða frekar sammála fullyrðingum um að börnum þeirra líði vel eða mjög vel í skólanum, að skólinn mæti vel námsþörfum barnsins, að barninu finnst gaman að læra í skólanum, fái hvatningu og nægilegar áskoranir í námi, taki stöðugum framförum og að kennarinn fylgist reglulega með námi barnsins.

Fram kemur í matsskýrslu skólans 2020-2021 hvernig unnið skuli með þáttinn að bæta samskipti kennara og nemenda sem og líðan nemenda með markvissum hætti. Stjórnendur, SMT teymið og allt starfsfólk skólans kemur að þessari vinnu. Sett hefur verið fram verkáætlun skólaársins 2020-2021 ásamt helstu áherslum og viðfangsefnum. Eitt af viðfangsefnum er Vinaliðaverkefnið sem hófst haustið 2020 og er unnið með stuðningi frá foreldrafélagi skólans.

2.3 Gæði kennslu

Kennslustundir í ytra mati eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjú flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Matsaðilar Menntamálastofnunar fylgdust með 37 kennslustundum hjá 36 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundir voru metnar góðar og um þriðjungur frábærar sem er hátt hlutfall metinna kennslustunda. Kennarar sýndu í öllum tilvikum fagmennsku og kennslufræðilega hæfni á vettvangi. Fræðandi kennslustundir voru í 52% af þeim stundum sem metnar voru, leiðbeindandi kennslustundir voru 11% og 37% voru blanda af fræðandi og leiðbeindandi. Stefna skóla og sveitarfélags um fjölbreytta kennsluhætti speglast í flestum þeim stunda sem matsmenn sátu.



Mynd 7. Kennsluhættir.

Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda er vel nýttur. Á vettvangi var hægt að sjá að kennsluáætlanir taka mið af bekkjarnámsskrám. Þar koma fram markmið, leiðir, viðfangsefni, hæfniviðmið og námsmat. Námsmat samkvæmt kennsluáætlunum er fjölbreytt, tekur mið af kennsluháttum og tengist markmiðum, hæfniviðmiðum og lykilhæfni. Í meirihluta þeirra kennslustunda sem matsaðilar heimsóttu var nemendum ekki gerð grein fyrir markmiðum stundarinnar né hæfniviðmiðum sem unnið er með í stundinni.

Fram kemur í hluta kennsluáætlana hvernig unnið er með námsaðlögun í kennslustundum. Sjá mátti á vettvangi að námsaðlögun náms á sér stað í almennum kennslustundum sem og í minni námshópum í íslensku og stærðfræði. Í einstaklingsnámskrám kemur fram hvernig tilhögun stuðnings við einstaka nemendur er háttað, þar koma m.a. fram markmið, leiðir og mat. Fram kom í rýnihópi kennara og í viðtölum við stjórnendur að unnið er að þróun leiðsagnarnáms til að fylgjast með framförum nemenda.

Fram kom í rýnihópum kennara og viðtölum við stjórnendur að komið er til móts við bráðgera nemendur með því að gefa þeim kost á að stunda nám í framhaldsskóla í ákveðnum námsgreinum. Á vettvangi var almennt ekki sýnilegt að bráðgerir nemendur fengu námsefni eða verkefni við hæfi.

2.4 Skipulag náms

Umsjónarkennarar fylgjast markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gera þeim og foreldrum þeirra grein fyrir stöðu og framförum. Formleg foreldraviðtöl fara fram tvisvar sinnum á ári. Námsárangur er skráður í Mentor.

Kennarar vinna sameiginlega að skipulagi náms og kennslu innan og/eða þvert á árganga og var það sýnilegt á vettvangi. Dæmi um það er samvinna kennara í 2.-3. bekk og fagreinakennara í unglingadeild. Þá má nefna að í flest öllum kennslustofum á vettvangi var stefna skólans sýnileg, þar sem fram komu einkunnarorð, SMT leiðbeiningar og reglur, Olweusarhringurinn, veggspjöld með hæfniviðmiðum og reglum um tölvu/snjalltæki og netöryggi, auk margskonar námsleiðbeininga og verkefna nemenda.


Á vettvangi mátti sjá að nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum, til dæmis er upplýsingatækni samþætt flestum bóklegum greinum á mið- og unglingastigi. Fram kom í

rýnihópum kennara og stjórnenda að töluvert er unnið með samþættingu námsgreina, sérstaklega í íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði og í sumum tilvikum í samstarfi við list- og verkgreinar.

Töluvert er um samvinnu og samstarf nemenda, sérstaklega á unglingastigi í samþættem verkefnum en einnig að hluta til á yngri stigum. Fram kom í rýnihópum nemenda að þeir geta stundum unnið saman í hópum eða með sessunaut. Einnig kom fram að kennarinn skipi oftast í hópa en stundum fái nemendur að ráða.

Umsjónarkennarar sinna stærstum hluta kennslu í 1.-7. bekk en faggreinakennsla er í 8.-10. bekk. Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum var frá þremur upp í 24 nemendur. Samskipti voru jákvæð innan nemendahópsins og milli nemenda og kennara.

Kennslustundir eru metnar út frá námsathöfnum sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Í kennslustundum á vettvangi unnu nemendur einstaklingslega við nám í 46% kennslustunda. Markviss samvinna var í 31% kennslustunda og í 23% kennslustunda mátti sjá blöndu að þessu tvennu.



Mynd 8. Námsathafnir.

Skilgreining Menntamálastofnunar á notkun UT/snjalltæka/tölva í kennslustundum er að í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Nemendur í 5.-10. bekk fá afhenta spjaldtölvu til einkanota innan og utan skóla. Snjalltæki voru nýtt í námi hjá nemendum frá 1.-10. bekk í um 40% stunda sem metnar voru eða í 15 kennslustundum. Kennarar nýttu upplýsingatækni í um 50% stunda á vettvangi eða í 19 kennslustundum.

Tímafjöldi kennslustunda og val nemenda í 8.-10. bekk eru í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Val nemenda í unglingadeild er fjölbreytt og möguleiki á að sækja valtíma utan skóla eftir áhugasviði nemenda. Nemendur í 8.-9. bekk eru í bundnu list- og verkgreinavali fjórar stundir á viku og velja síðan fimm stundir í frjálst val. Nemendur í 10. bekk eru í sviðslistum einn tíma á viku og velja síðan sex stundir í frjálst val.

Fram kemur í starfsáætlun og í rýnihópaviðtölum við stjórnendur og kennara að grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi. Má þar nefna samstarfsverkefni við tónlistarskólann, söfn bæjarins, aðra skóla í Hafnarfirði og samstarf við íþróttafélög og fleira.

2.5 Námsvitund

Nemendur sýndu námi sínu áhuga og voru almennt virkir í þeim kennslustundum sem matsaðilar heimsóttu. Á vettvangi var sýnilegt að nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og þeir gera sér grein fyrir og nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi, má þar nefna samþættingu námsgreina og UT.

Fram kom í rýnihópum nemenda að þeir þekkja hugtökin markmið og hæfniviðmið en þeir telja sig ekki fá kynningu á þeim nema að hluta til og hjá sumum kennurum. Það sama á við um kennsluáætlanir en nemendur segja að þær séu oft kynnar í upphafi verkefna. Þeir nefndu þó að í kennslustofum á unglingastigi mætti sjá veggspjöld með hæfniviðmiðum. Eldri nemendur þekkja Mentor og hæfnikortin en fram kom að þeir nýta þau ekki mikið, skoði bara bókstafina. Einnig kom fram í báðum rýnihópum nemenda að þeir kannast ekki við að þeir setji sé markmið í námi eða taki þátt í að meta eigið nám. Nemendur kannast heldur ekki við að þeir geti valið námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námstíl en sjá má þessar áherslur í einstaka kennsluáætlunum á unglingstigi. Nemendur kannast þó við fjölbreytt námsmat og nefndu þar mismunandi skil á verkefnum á unglingastigi, skapandi skil og fleira.

Aftur á móti kom fram í rýnihópi kennara að unnið sé að því að gera markmið og hæfniviðmið sýnilegri. Þar kom einnig fram að unnið er með jafningjamat og sjálfsmat með nemendum. Þá var það einnig nefnt að hafin er þróunarvinna með leiðsagnarnám og mat, þar sem ferlið skiptir öllu máli. Þá kom fram að nemendum er markvisst kennt að setja sér markmið í íþróttum og sundi.

Í skólanámskrá/árganganámskrá skólans er fjallað um námsmat. Þar kemur fram á hvern hátt leiðsagnarmat er nýtt til reglulegrar endurgjafar til nemanda, ábendinga um stöðu, hvað hann kunnir, geti gert betur og hvatningu til framfara. Fram kemur í kennsluáætlunum að námsmat sé á formi leiðsagnarmats og í sumum þeirra eru talin upp atriði sem liggja til grundvallar matinu eins og kaflapróf, virkni í tímum og mat á þátttöku nemenda. Þessi atriði eru ekki leiðsagnarmat heldur leiðir eða matsaðferðir sem geta nýst við leiðsagnarmatið eins og kemur fram í skólanámskrá.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu, eins og matsaðilar sáu á vettvangi og einnig að mati viðmælenda í rýnihópum. Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda hvað varðar líðan og félagslegar aðstæður. Það er gert í könnunum í Skólapúlsi, Olweusar-könnun og rýnihópum nemenda (sjá frekar umfjöllun í kafla 2.2.) þar sem markmiðið er að rödd nemenda fái að heyrast og auki þannig á lýðræði í skólanum.

Í rýnihópum nemenda kom fram að þeir átta sig ekki alveg á hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og umhverfi. Þeir nefna þó skólapingið sem haldið var skólaárið 2018-2019 en þar komu allir hagsmunaaðilar að endurskoðun og mótun á stefnu og framtíðarsýn skólans. Fram kom í rýnihópi kennara að þar hefðu nemendur meðal annars komið með tillögu að breytingu á einkunnarorðum skólans sem eru nú virðing, víðsýni og vellíðan. Sjá má niðurstöður skólapingisins á heimasíðu skólans. Nemendur í yngri rýnihópi nefndu bekkjarfundi í lífsleikni þar sem rætt er meðal annars um samskipti og líðan. Nemendur í rýnihópum telja þó að þeir geti fyrst og fremst haft áhrif á aðbúnað, aðstæður og félagsstarf í skólanum en ekki nám og kennslu.

Nemendur í nemendafélagi funda vikulega í Setrinu og koma upplýsingum á framfæri við samnemendur á veggspjöldum, Instagram og Facebook, einnig fara þeir stundum með kynningar í bekk. Deildarstjóri frístundastarfs vinnur með stjórn nemendafélags að ákvörðunum og framkvæmd félagsmála og frístundastarfs. Fram kom í rýnihópi eldri nemenda að þeir telja að nemendur fái þjálfun til að vinna í nemendafélagi og skólaráði. Þeir nefna meðal annars rökræðukeppni í 10. bekk og að Hafnarfjarðarbær er með sameiginlegt fræðslunámskeið fyrir fulltrúa í nemendafélögum og skólaráðum skólanna í Hafnarfirði einu sinni á ári.

Styrkleikar

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Einkunnarorð skólans eru vel sýnileg í skólanum og eru skólasamfélaginu töm.
- Árganganámskrár eru greinargóðar og byggja á aðalnámskrá.
- Grunnþáttum menntunar og lykilhæfni eru gerð skil í árganganámskrám.
- Stefna skólans um nám og kennsluhætti var sýnileg í vettvangsathugunum.
- Kennarar sýna kennslufræðilega hæfni.
- Námsmat er fjölbreytt og tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Nám og námsaðstæður styðja við sköpunarþörf og samvinnu nemenda.
- Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda.
- Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru almennt virkir í kennslustundum.
- Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.
- Rökstuddar einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur í samvinnu við foreldra.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í námi nemenda.
- Nemendur nýttu upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni í um 40% kennslustunda á vettvangi.
- Sjónarmiðum nemenda hvað varðar námsumhverfi og líðan er aflað á margvíslegan hátt.
- **Tækifæri til umbóta**Fylgja enn frekar eftir stefnu skólans um fjölbreytta kennsluhætti og veita nemendum tækifæri til að velja sér námsaðferðir.
- Gefa þarf nemendum í auknum mæli val um námsstíl og viðfangsefni og auka aðkomu þeirra að skipulagi náms- og skólastarfs.
- Huga að verkefnum fyrir nemendur sem sérstaklega beinast að áhugasviði þeirra og hæfileikum.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum og framgangi kennslustunda.
- Fylgja eftir stefnu skólans um leiðsagnarmat.
- Þjálfar nemendur í að setja sér námsmarkmið og fylgja þeim eftir.
- Skrá nánar í árganganámskrár og kennsluáætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein.
- Rýna og finna leiðir til kom í veg fyrir einelti meðal nemenda.
- Virkja foreldra til samstarfs um líðan og samskipti nemenda.
- Rýna og finna leiðir til að auka námsárangur nemenda á samræmdum könnunarprófum.
- Þjálfar nemendur í að taka þátt í nefndarstörfum og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt og sjálfsagt. Í skólanámskrá er umfjöllun og skýrsla mats-, símenntunar, umbóta- og þróunaráætlunar skólans 2020-2021 (hér eftir nefnd matsáætlun). Á heimasíðu skólans er einnig hægt að finna fyrri matsáætlanir um innra mat.

Í matsáætlun 2020- 2021 koma fram markmið, viðfangsefni, helstu leiðir sem skólinn nýtir til að meta innra starfið, árangur þess og gæði auk verkáætlunar fyrir skólaárið. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega. Einnig fer reglulega fram mat á samskiptum og líðan nemenda. Ekki kemur fram í skólanámskrá eða matsáætlun hvort og/eða hvernig aðferðir og reynsla af innra mati eru metnar.

Skólastjórnendur fylgjast með og meta kennslu og fagmennsku kennara með vettvangsheimsóknum og viðtölum. Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og viðfangsefnum skólans. Fram kemur í viðtölum við stjórnendur að verið sé að meta flesta þætti og verkefni skólastarfsins með umbótateymi sem stýrir verkinu. Skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að er að finna í matsáætlun skólans.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda. Náms og kennsla eru metin reglulega af kennurum og stjórnendum. Innra matið byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun. Val aðferða við matið ræðst af viðfangsefni, hópum og þeim spurningum sem lagt er upp með. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Skólinn nýtir niðurstöður samræmdra prófa, skimana og kannana í innra mati.

Umbótateymi stjórnenda og kennara hefur umsjón með framkvæmd innra mats en auk þess starfa þó nokkur teymi sem vinna með og styðja við helstu viðfangsefni og þróunarverkefni sem unnið er að í skólanum. Þessi teymi eru samsett af stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki og fer það eftir eðli viðfangsefna hverju sinni.

Aðrir hagsmunaaðilar, svo sem nemendur og foreldrar, eru ekki hluti af umbótateymi eða hafa aðkomu að því. Fram kemur í matsáætlun og í viðtölum við stjórnendur að skólaráð gegni hlutverki matsteymis en þar sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila, þar með talið nemenda og og foreldra. Fram kom í rýnihópi skólaráðs að það fær allar áætlanir, matsáætlun, kannanir, skimanir og aðrar skýrslur til kynningar, umræðu og ábendinga um það sem betur mætti fara. Skólaráð hefur ekki að öðru leyti áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.

3.3 Umbætur

Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfsins. Greinargerð um innra mat, svokölluð matsáætlun, er til staðar þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd innra mats og helstu niðurstöður. Þar er fjallað markvisst um helstu viðfangsefni, ábyrgðaraðila, markmið, áherslur og viðfangsefni ásamt mánaðarlegri verkáætlun fyrir skólaárið.

Niðurstöður úr innra og ytra mati svo sem könnunum og samræmdum prófum eru kynntar og ræddar í skólaráði. Samræður og ígrundun um niðurstöður og umbætur fara síðan aðallega fram meðal stjórnenda, kennara og starfsmanna sem taka þátt í skilgreindum teymum sem halda utan um helstu viðfangsefni og þróunarverkefni skólastarfsins. Umbótateymi heldur utan um niðurstöður og leggur fram í matskýrslu. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir og skólinn getur sýnt fram á umbætur sem eru raktar til innra mats, meðal annars skólapingið og þær tillögur og breytingar sem urðu til í kjölfar þess.

Tímasett umbótaáætlun þar sem umbætur eru markmiðabundnar, skilgreindar og skipulagðar á grunni greininga og samræðna allra hagsmunaaðila er til staðar en þar skortir á að meta árangur umbóta með skilgreindum viðmiðum.

Styrkleikar

- Innra mat er álitid mikilvægt og er sjálfsgöður hluti af skólastarfinu.
- Víðtækt formlegt og óformlegt mat er til staðar og samofið skólastarfinu.
- Skólastjórnendur meta nám og kennslu reglulega og veita endurgjöf.
- Innra matið byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun.
- Skólaráð er matsteymi skólans og kemur að umræðu um innra mat og umbætur.
- Matsáætlun um innra mat er til staðar á heimasíðu þar sem fram koma helstu upplýsingar um framkvæmd innra mats og helstu niðurstöður.
- Tímasett umbótaáætlun er til staðar og birtist innan matsáætlunar skólans.

Tækifæri til umbóta

- Fram komi í skólanámskrá eða matsáætlun hvernig aðferðir og reynsla af innra mati eru metnar.
- Huga að virkari aðkomu fulltrúa nemenda og foreldra að umbótateymi skólans.